

Fundargerð 99. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 17. Desember 2015 kl. 11:00 í VM húsinu, Stórhöfða 25.

Mættir: Guðmundur Ragnarsson, Samúel Ingvason, Gunnar S. Gunnarsson, Gylfi Ingvarsson, Andrés Bjarnason, Guðmundur Helgi Þórarinsson og Sævar Örn Kristjánsson.

Í gengnum fjarfundabúnað: Guðmundur Sigurvinsson og Jón Jóhannsson.

Fjarverandi: Þorsteinn Hjálmarsson

Dagskrá :

1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 98
2. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála
3. Staðan í kjaraviðræðum við ÍSAL
4. Staðan í kjaraviðræðum við SFS
5. Fundir jóla og áramót
6. Launamál á skrifstofu VM
7. Niðurstaða uppstillingarnefndar fyrir stjórnarkjör 2016
8. Önnur mál

1 Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 98

Fundargerð samþykkt og undirrituð.

2 Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála

Faxaflóahafnir samþykktu með 88,9% atkvæða

Stofnunarsamningar við LHG og Hafró – erum í basli vegna stofnannasamninga.

Sveitarfélögin – iðnaðarsamfélagið hefur verið að berjast gegn starfsmatinu, það er alls ekki að virka vel fyrir iðnaðarmenn.

Er verið að funda um Norðurorku – við eru vonandi að fara landa þessum samning.

Kaupskip eru að stefna í óefni, grunnlaunin út úr kú eins og í svona samningnum. Það

gæti stefnt í vinnustöðvun í byrjun árs

Orlofshús – Sennilega hægt að klippa á borða í apríl eða maí.

Starfsmannaleigur – Auglýsingar RÚV, RÚV birti auglýsingarnar okkar frítt í hálfan mánuð.

3 Staðan í kjaraviðræðum við ÍSAL

Staðan er mjög alvarleg í deilunni. Yfirlýsing RTA um hertar kröfur ef ekki semst fyrir áramót.

Ályktun vegna ÍSAL deilu – Ályktunin er samþykkt efnislega en það þarf að lagfæra orðalag.

4 Staðan í kjaraviðræðum við SFS

Það er alvarleg staða í viðræðum – sjómannafélögin telja sig vera komnir með verkfalls heimild og það verður sennilega keyrt á vinnustöðvun eftir áramót. Fundir um jól og áramót verða notaðir til að heyra hljóðið í mönnum.

5 Fundir jól og áramót

Þessi liður var ræddur með lið 4.

6 Launamál á skrifstofu VM

Starfsmenn þurfa að halda utan um vinnutíma sinn í nýjum ráðningarsamningi

7 Niðurstaða uppstillingarnefndar fyrir stjórnarkjör 2016

Einn hefur dregið framboð sitt til stjórnar til baka.

Stjórn ákvað að prentaður yrði kynningarbæklingur vegna kosningarinnar.

8 Önnur mál

Starfs- og fjárhagsáætlun ASÍ verður til umræðu á næsta stjórnarfundi.

Fundi slitið kl. 13.20

Fundargerð ritaði Guðni G